

ÁRSSKÝRSLA 2009



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Framkvæmdasýsla ríkisins
starfar á grundvelli laga um
skipan opinberra framkvæmda.

Framkvæmdasýsla ríkisins
er leiðandi og stefnumótandi
afl í opinberum framkvæmdum og
stuðlar að skilvirkni á því sviði.

Framkvæmdasýsla ríkisins
hefur það að markmiði
að veita góða þjónustu
og stuðla að góðri samvinnu
við viðskiptavinum sínum.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Vistvænar byggingar	4
Verkefni ársins 2009	5
Forsætisráðuneyti	5
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	5
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	6
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	6
Fjármálaráðuneyti	10
Heilbrigðisráðuneyti	11
Iðnaðarráðuneyti	13
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	13
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	16
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	16
Umhverfisaráðuneyti	17
Útanríkisráðuneyti	21
Alþingi	22
Formlegt samstarf	23
Ráðstefnur og fundir	26
Innra starf og þróun í tækni og þjónustu	26
Rekstur og starfsfólk	28
Ársreikningur 2009	31

Ársskýrsla 2009.

Útg.: Framkvæmdasýsla ríkisins. Október 2010/ Mars 2012.

Vinnsla forsíðu: Stafræna hugmyndasmiðjan ehf.

Ljósmyndir frá starfsmönnum FSR og aðilum verkefnanna.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Ábyrgðarmaður: Óskar Valdimarsson

Inngangur

Framkvæmdasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og heyrir undir fjármálaráðuneytið. Forstjóri FSR, sem skipaður er af fjármálaráðherra til fimm ára í senn, veitir stofnuninni forstöðu og sér um að marka stefnu hennar í samráði við ráðuneytið. Hann situr í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir ásamt ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins og fulltrúa fjárlaganefndar Alþingis. Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er fjármögnuð með sértekjum sem skráðar eru sem umsjónar- og eftirlitskostnaður á þau verkefni sem unnið er við hverju sinni.

Tilgangur

Tilgangurinn með rekstri Framkvæmdasýslu ríkisins er að byggja upp á einum stað innan ríkisgeirans sérþekkingu á verklegum framkvæmdum, því mikilvægt er að ríkið sem verkkaupi búi yfir slíkri þekkingu. Þá er einnig gert ráð fyrir að Framkvæmdasýslan sé í fararbroddi hvað varðar samræmingu gagna og þróun á sviði verklegra framkvæmda, ásamt því að sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni á sínu sviði.

Hlutverk

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Stjórnendur FSR leggja áherslu á að jafnræðis og faglegra vinnubragða sé gætt við framkvæmdir á vegum ríkisins og að við undirbúning verka sé tekið mið af stöðlum, viðmiðunum og leiðbeiningum ríkisins um framkvæmda- og eignamál.

Nýtt bókhaldskerfi

Á árinu skipti Framkvæmdasýslan úr Navision bókhaldskerfinu yfir í bókhaldskerfi ríkisins, sem ber nafnið Oracle – eða Orri í daglegu máli.

Þrátt fyrir vandaðan undirbúning í samvinnu við Skýrr og Fjárslu ríkisins reyndist þessi innleiðing á Oracle til muna erfiðari en ráð hafði verið fyrir gert og hafa vandkvæði við afstemmingar milli kerfanna tveggja valdið þeirri seinkun sem orðið hefur á útgáfu þessarar ársskýrslu.

Vegna framangreindra vandkvæða við afstemmingar hafði Ríkisendurskoðun ekki tók á að ljúka endurskoðun á bókhaldi Framkvæmdasýslunnar fyrir árin 2009 og 2010 fyrr en í ársbyrjun 2012 og í ljósi þessara miklu tafa tók Ríkisendurskoðun ákvörðun um að gefa ekki formlega út ársreikning fyrir Framkvæmdasýsluna fyrir árið 2009.

Í stað hefðbundins ársreiknings verða því einungis helstu tölur úr rekstri settar fram í kaflanum um ársreikning FSR.

Vistvænar byggingar

Lögð er áhersla á hugmyndafræði sjálfbærni og vistvænnar þróunar í samfélaginu og lagði Framkvæmdasýslan sitt að mörkum í þessum efnunum á árinu 2009.

Menningarstefna í mannvirkjagerð - stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist var samþykkt af ríkisstjórn í apríl 2007. Þar segir meðal annars: "Sjálfbærni og vistvæn sjónarmið krefjast nýrra nálgana við skipulag, hönnun og framkvæmdir. Í þeim efnunum á hið opinbera að vera í forystu og setja metnaðarfull markmið". Á árinu 2008 hófst brautryðjandastarf hjá FSR við innleiðingu á vistvænni vottun bygginga.

Í stefnu um vistvæn innkaup, sem ríkisstjórnin samþykkti í mars 2009, er sagt fyrir um hvernig samþætta eigi umhverfis sjónarmið innkaupum hjá ríkinu. Þessi stefna tekur að sjálfsögðu til innkaupa er tengjast opinberum framkvæmdum, enda fara þar fram á vegum ríkisins umfangsmikil innkaup á vörum og þjónustu.

Innleiðing á vistvænni vottun bygginga

Framkvæmdasýslan hafði á árinu 2009 umsjón með verkefnum þar sem fer fram brautryðjandastarf við innleiðingu á aðferðafræði í byggingarverkefnum með notkun BREEAM (British Research Establishment Environmental Assessment Method). Vottunarkerfið tekur til hönnunar og byggingarframkvæmdar. Er því beitt í verkefnum þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi og Hús íslenskra fræða, sem voru á hönnunarstigi, og Gestastofu á Skriðuklaustri sem fór í framkvæmd á árinu 2009.

Við notkun BREEAM staðalsins í fyrirnefndum þrem verkefnum hafði komið upp umræða um þörf fyrir aðlögun krafna í staðlinum að íslenskum aðstæðum. Framkvæmdasýsla ríkisins, í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti boðaði því til umræðufundar, 2. apríl 2009, um hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess að aðlagastadalinn að íslenskum aðstæðum. Á fundinum voru aðilar frá BRE (British Research Establishment) og aðilar sem koma að hönnun fyrirnefndra BREEAM verkefna, auk fulltrúa stjórnvalda, háskólasamfélagsins og fleiri aðila.

Stuðningur við stofnun samtaka

FSR hefur verið þátttakandi í undirbúningi að stofnun fyrirhugaðra samtaka um vistvæna mannvirkjagerð. Vegna þess undirbúnings og þróun vistvænnar vottunar var boðað til opins umræðufundar 5. maí 2009. Á fundinn mætti Sannie Verweij frá Green Building Council í Hollandi. Fjallaði hún um stofnun samtaka um vistvæna byggð þar í landi og lýsti því hvernig BREEAM vottunarkerfið var aðlagð að þeirra aðstæðum. Þá gáfu aðilar frá Almennu verkfræðistofunni og Eflu yfirlit yfir sérstöðu Íslands í þessum efnunum. Rætt var um BREEAM í Hollandi og möguleika á að fara svipaða leið á Íslandi. Stjórn umræðu hafði Óskar Valdimarsson, forstjóri FSR.



Vistvænar byggingar, kynningarrit

Framkvæmdasýslan tók þátt í gerð Vistvænnar byggingar, kynningarrits og gaf það út árið 2009. Er það fyrsta rit sinnar tegundar á Íslandi. Fjallað er um það hvað vistvæn bygging merkir, tilgreind eru verkefni á vegum FSR þar sem miðað er við öflun vistvænnar vottunar og gerð grein fyrir vistferli byggingar, allt frá undirbúningi og framkvæmd til niðurrifs. Vistvæn bygging grundvallast á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar þar sem leitast við að mæta þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Við hönnun vistvænna bygginga er lögð áhersla á orkumál, efnisval, staðarval og heilsuvernd. Í upphafi er skilgreind umhverfisstefna fyrir viðkomandi byggingu og ákvarðanir teknar um áherslur við hönnun og hvort farið er í vottunarferli. Í ritinu er fjallað nánar um staðarval, efnisval og fleira, einnig um heilsu og vellíðan, umhverfivottun og upplýsingalíkan mannvirkja.

Verkefni ársins 2009

Hér verður stiklað á stóru og rakin helstu verkefni á vegum FSR fyrir hvert ráðuneyti sem voru í framkvæmd á árinu og eftir atvikum nefnd verkefni sem eru í undirbúningi.

Forsætisráðuneyti

Eftir sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis í eitt ráðuneyti var aðal-skrifstofum þess komið fyrir á einum stað. Lauk framkvæmdum við innréttingu fyrir ráðuneytið í Sjávarútvegshúsi að mestu á fyrra ári og að fullu í byrjun árs 2009.

Unnið var á árinu lítils háttar að verkefninu Tilflutningur verkefna Stjórnarráðsins þar sem skoðaðar hafa verið ýmsar lausnir. Áfram verður veitt ráðgjöf vegna húsnæðismála ráðuneyta í tengslum við sameiningu ráðuneyta.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

Fyrir dómsmála og mannréttindaráðuneytið og stofnanir þess (fyrir 1. október 2009 hét ráðuneytið dóms- og kirkjumálaráðuneytið) var einkum unnið að eftirfarandi verkefnum:

Lögreglustöð Höfn í Hornafirði

Í framhaldi af kaupum á neðri hæð hússins að Hafnarbraut 36 á Höfn í Hornafirði, þar sem sýslumaðurinn á Eskifirði hefur haft húsnæði, var unnið að hönnun lögreglustöðvar með endurinnréttingu 1. hæðar ásamt viðbyggingu. Lokið var við hönnun til útboðs á árinu 2009. Arkitektar eru Á stofunni – arkitektar, hönnuður burðarþols, lagna og raflagna var Verkfræðipjónustan ehf.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð í júní 2009. Viðbyggingin er steinsteypt bygging, eins og aðalhlutinn, þar eru þrjú fangaklefar ásamt bílgeymslu. Í húsnæði sem lögreglan fær í eldri byggingunni fara fram gagngerar endurbætur og breytingar innanhúss og utan svo og á lóð. Húsnæðið, sem er endurinnréttað, er um 230 fermetrar og viðbyggingin um 165 fermetrar og ná framkvæmdirnar því til samtals um 400 fermetra. Nokkrar tafir urðu á verkinu en því mun ljúka á árinu 2010.



Lögreglustöðin á Höfn í Hornafirði.

Fangelsið á Litla-Hrauni, viðbyggingar og breytingar

Frestað var frekari undirbúningi og framkvæmdum við viðbyggingar og breytingar við Fangelsið á Litla-Hrauni vegna aðhaldsaðgerða en fyrir liggur að þörf á vistrymum hefur aukist.

Leiguverkefni/ húsnæðisöflun, sem FSR kom að á árinu 2009, vegna stofnana dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, voru eftirfarandi.

Fangelsið Bitru, leiguhúsnæði

Unnið var að verkefninu Húsnæði fyrir fangelsi á vegum Fangelsismálastofnunar. Var kannað mögulegt húsnæði á Suðurlandi og gerð verðkönnun. Gengið var til samninga um leigu á Bitru í Flóahreppi. Að loknum lagfæringum mun húsið gegna aftur hlutverki fangelsis árið 2010.



Fangelsið Bitru.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, leiguhúsnæði

Unnið var að öflun húsnæðis fyrir Lögreglustjórann á Suðurnesjum. Gerð var húslýsing í samstarfi við lögregluna. Leigusamningur um húsnæðið að Brekkustíg 39 í Reykjanesbæ var gerður milli Lögreglustjórans á Suðurnesjum og Fasteignafélags Suðurnesja ehf. og eiganda húsnæðisins, Sverris Sverrissonar hf., og staðfestur af fulltrúum fjármálaráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis.

Leigusali endurinnréttaði húsnæðið sem er með skrifstofum á 2. hæð og geymslum á 1. hæð og er alls 748 fermetrar. Í hluta húsnæðisins var áður Þjóðskrá. FSR annaðist eftirlit með því að húsnæðið uppfyllti kröfur leigjanda. Lögreglan flutti inn í húsnæðið í september 2009.



Leiguhúsnæði lögreglu, Brekkustíg 39.

Þjóðskrá - Fasteignaskrá, leiguhúsnæði

Í tengslum við sameiningu Fasteignaskrár Íslands og Þjóðskrár Íslands, sem hefur verið fyrirhuguð, vann FSR að húsnæðisathugun. Er einkum miðað við að starfsemi verði þá á einum stað. Fasteignaskrá er staðsett í Borgartúni 21 (Höfðaborg) og kannað var hvort starfsemi Þjóðskrár rúmaðist í því húsi, öll eða að hluta, og einnig aðrir valkostir.

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Fyrir efnahags- og viðskiptaráðuneytið og stofnanir þess (fyrir 1. október 2009 hét ráðuneytið viðskiptaráðuneytið) er unnið að eftirfarandi verkefni:

Fjármálaeftirlitið, leiguhúsnæði

Eftir að húsnæðismál Fjármálaeftirlitsins voru leyst til bráðabirgða með viðbótarhúsnæði á 2. hæð að Suðurlandsbraut 32 hefur verkefnið verið í biðstöðu. Áætlað er að unnið verði áfram að lausn á framtíðarhúsnæði fyrir stofnunina.

Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Helstu verkefni fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið á árinu 2009 var umsjón framkvæmda við hjúkrunarheimili og sambýlishús svo og ráðgjöf við leiguverkefni vegna stofnana ráðuneytisins.

Sambýlishús

Bláargerði 9-11, Egilsstöðum

Framkvæmdir við sambýlishús við Bláargerði 9-11 á Egilsstöðum töfðust nokkuð en í lok desember 2009 fengu íbúar afhenta lykla að íbúðum sínum.

Nýbyggingin er á einni hæð, rúmlega 400 fermetrar, og með fjórum íbúðareiningum ásamt sameiginlegum stofum og þjónusturýmum. Arkitektar eru Arkís ehf., hönnuður burðarþols og lagna er Mannvit ehf., Egilsstöðum, hönnun raflagna vann Raftákn ehf. Verktaki var HJH ehf. á Egilsstöðum.



Bláargerði 9-11, Egilsstöðum.



Hjúkrunarheimili í Kópavogi, Boðarþingi 5 og 7.

Hjúkrunarheimili í Kópavogi, Boðarþingi

Framkvæmdir við byggingu hjúkrunaríbúða við Boðarþing 5-7 í Kópavogi hófust haustið 2008. Um er að ræða tvær tveggja hæða álmur, alls 44 íbúðir. Voru byggingarnar frágengnar að utan og innréttingar nokkuð langt komnar í árslok. Verklök voru fyrirhuguð í desember 2009 en vegna tafa er áætlað að afhenda bygginguna nokkuð síðar, á árinu 2010.

Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66

Framkvæmdir við Hjúkrunarheimilið við Suðurlandsbraut 66, í Mjóddinni í Reykjavík, hófust í júní 2008 og var byggingin uppsteypt og einnig klædd að utan og innréttuð að miklu leyti á árinu 2009. Byggingin er á fimm hæðum og þar verða 110 hjúkrunarrými.

Arkitekt er Yrki ehf., Mannvit hf. annast burðarpols- og lagnahönnun og Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar ehf. hönnun raflagna.

Verklök voru fyrirhuguð í febrúar 2010 en áætlað að afhenda bygginguna nokkuð síðar á því ári.



Framkvæmdir við Suðurlandsbraut 66.



Hjúkrunarheimilið við Suðurlandsbraut 66 í byggingu.



Sambýlishús Bleikargróf 4, Reykjavík

Sambýlishús Bleikargróf 4, Reykjavík

Framkvæmdum við sambýlishús að Bleikargróf 4 í Reykjavík hófust í maí 2008. Áætlað var að framkvæmdum lyki í maí 2009. Nokkrar tafir urðu en í ágúst 2009 voru framkvæmdir á lokastigi og húsið með tilheyrandi búnaði komið í notkun.

Um er að ræða 441,5 fermetra nýbyggingu sambýlis fyrir fatlaða einstaklinga. Byggingin er á einni hæð með fimm íbúðareiningum ásamt sameiginlegum stofum og þjónusturýmum. Tekið var tillit til ítrustu sjónarmiða um ferlimál.

Arkitektar eru Gláma/Kim arkitektar Laugavegi 164 ehf., hönnuður burðarpols og lagna er Verkfræðistofa Norðurlands ehf., hönnun raflagna vann Raftákn ehf., Akureyri, og lóðarhönnun annaðist Landslag ehf. Verktaki var Smiðir ehf.



Sambýlishús Bleikargróf 4, Reykjavík.



Garður sambýlishússins við Bleikargróf 4.

Hjúkrunarheimilið Jaðar, Ólafsvík

Hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík, Snæfellsbæ, var í framkvæmd á árinu 2010. Um er að ræða hjúkrunarheimili, um 1.100 fermetrar að stærð á tveimur hæðum, sem tengist eldra dvalar- og hjúkrunarheimili með tengingangi á báðum hæðum. Byggingin er steinsteypt, þök ýmist steinsteypt eða úr timbri, og útveggir að mestu klæddir sinki. Á tengingangi er lyfta milli hæða.



Hjúkrunarheimilið Jaðar í byggingu.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð í febrúar 2009 og tekið var tilboði Afltaks ehf. Um áramót var byggingin uppsteypt og hafin vinna á klæðningu utanhúss og innanhússfrágangi. Fyrirhugað er að ljúka verkinu í júlí 2010.

Hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð

FSR vann frumathugun vegna nýs hjúkrunarheimilis í Fjarðabyggð sem lögð var fram í júní 2009. Til grundvallar er hugmyndafræði í öldrunarmálum sem fram kemur í ritinu Skipulag hjúkrunarheimila, útgefið af félags- og tryggingamálaráðuneytinu í nóvember 2008. Haft var samráð við ráðuneytið og sveitarfélagið.

Ákveðið var að hjúkrunarrými yrðu 20 talsins, brúttóstærð byggingarinnar 1.500 fermetrar og að fram færi hönnunarsamkeppni. Í árslok var vinna við samkeppnisgögn komin vel á veg og verður hönnunarsamkeppni haldin á árinu 2010.



Staðsetning hjúkrunarheimilisins í Fjarðabyggð.

Leiguverkefni

Leiguverkefni/ húsnæðisöflun, sem FSR kom að á árinu 2009 vegna stofnana félags- og tryggingamálaráðuneytisins, voru eftirfarandi.

Fjölsmiðjan

Unnið var áfram að húsnæðisöflun fyrir Fjölsmiðjuna í Kópavogi og í framhaldi af gerð húslýsingar var auglýst eftir húsnæði. Barst fjöldi tilboða og var leiguhúsnæði, 1.900 fermetrar að stærð, við Víkurhvarf 2 í Kópavogi metið hagstæðast. Skrið var undir húsaleigusamning við Tréfab ehf. í desember 2009.

Vinnueftirlit ríkisins, Reykjanesbæ, leiguhúsnæði

Vegna öflunar leiguhúsnæðis fyrir Vinnueftirlit ríkisins í Reykjanesbæ var lokið við undirbúning og samningsgerð á fyrra ári. Var unnið áfram að málinu og að loknum framkvæmdum verktaka fór fram umsámin afhending á húsnæði Suðurnesjaumdæmisins að Krossmóa 4, Reykjanesbæ í apríl 2009.



Í húsnæðinu að Krossmóum 4, Reykjanesbæ.

Húsnæði fyrir geðfatlaða, Starengi 6

Að Starengi 6 í Reykjavík er húsnæði vegna geðfatlaðra og hafa þar verið 6 íbúðir í tveimur húsum og starfsmannaaðstaða í því þriðja. Starfsmannaaðstöðunni hefur verið komið fyrir í einni af fyrrnefndum íbúðum. Á árinu 2009 var unnið að undirbúningi þess að breyta húsinu þar sem var starfsmannaaðstaða og koma þar fyrir íbúð fyrir geðfatlaðan einstakling..

Sambýli Vallholti 9, Selfossi

Fyrir Svæðisskrifstofu fatlaðra á Suðurlandi var á árinu gerð lausleg ástandskönnun á húsinu við Vallholt 9 á Selfossi sem notað er fyrir sambýlishús og er þörf á viðgerðum. Unnið verður að endurbótum á húsinu.

VISS Gagnheiði 39 Selfossi

Fyrir Svæðisskrifstofu fatlaðra á Suðurlandi var unnið að undirbúningi endurbóta á Vinnu- og hæfingarmiðstöðinni við Gagnheiði 39, Selfossi. Fyrirhugað er að breyta í suðausturhluta hússins skrifstofu og trésmíðaverkstæðis og innrétta á efri hæð fyrir dagvistun. Ennfremur er stefnt að viðgerðum vegna þakleka, endurbótum í á salernum, útihurðum og fleiru.

VISS Þorlákshöfn

Vinnustofa/hæfing í Þorlákshöfn:

Unnið var að húsnæðisöflun fyrir Vinnu- og hæfingarmiðstöð Svæðisskrifstofu fatlaðra á Suðurlandi, í Þorlákshöfn en fyrra húsnæði var sagt upp. Fyrir liggur þarfagreining og húsrýmisáætlun en þörf er á um 200 fermetra húsnæði fyrir starfseminu.

Útgefið skilamat á árinu 2009, vegna félags- og tryggingamálaráðuneytisins:

- Stuðlar, viðbygging. Skilamat útgefið í janúar 2009.

Fjármálaráðuneyti

Helstu verkefni á árinu 2009 vegna fjármálaráðuneytisins og stofnana þess, við umsjón og ráðgjöf, voru eftirfarandi.

Skattstofa Austurlands, leiguhúsnæði

Vegna öflunar leiguhúsnæðis fyrir Skattstofu Austurlands, á Egilsstöðum, var lokið við undirbúning og samningsgerð á fyrra ári. Eins og umsamið var húsnæðið að Skjólvangi 2, Egilsstöðum, afhent og tekið í notkun í júlí 2009.



Skjólvangur 2, Egilsstöðum.

Tollstjórinn í Reykjavík, geymsla fyrir röntgenbifreið, leiguhúsnæði

Vegna öflunar leiguhúsnæðis fyrir Tollstjórnann í Reykjavík, var lokið við undirbúning og samningsgerð svo og afhendingu á geymslum á fyrra ári. Umsamdar skrifstofur á sama stað, Klettagörðum 23 voru afhentar fullbúnar í mars 2009.



Húsnæðið að Klettagörðum 23, Reykjavík

Leiguverkefnum fyrir önnur ráðuneyti og stofnanir þeirra er lýst í köflum viðkomandi ráðuneyta en þau vinnur FSR einnig í samstarfi við fjármálaráðuneytið.

Heilbrigðisráðuneyti

Helstu verkefni vegna heilbrigðisráðuneytisins og stofnana þess á árinu 2009 voru eftirfarandi.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, lóðarfrágangur

Unnin var áætlunargerð vegna frágangs lóðar við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Verkið var boðið út og tilboði opnuð í apríl 2009. Lagðar voru lagnir lóðarfrárennslis, hellur á gangstéttir, malbik á bílastæði og grasþökur í bakgarð. Lauk framkvæmdum um haustið. Lóðarhönnun vann Tækniþjónusta SÁ ehf. og verktaki var Ellert Skúlason ehf.

Unnið var einnig að endurbótum á neysluvatnslögnum í byggingum A, B, og C og lauk þeim framkvæmdum í júní 2009.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi - Innréttingar 1. hæðar og kjallara

Á árinu 2009 voru boðnar út áframhaldandi framkvæmdir við innréttingar í nýju viðbyggingu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi (HSu). Um var að ræða innréttingar 1. hæðar og kjallara.

Hönnuðir innréttinganna voru sömu og við fyrri áfanga, Helgi Hjálmarsson á Teiknistofunni Óðinstorgi sf., Verkfræðistofa Guðjóns Þ. Sigfússonar ehf. annaðist burðarþol, Mannvit ehf. hannaði lagnir og Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar sá um raflagnahönnun. Verktaki var JÁ verktakar ehf. Þessi 3. áfangi og síðasti áfangi viðbyggingarinnar nær til innréttinga á 1. hæðar fyrir nýja heilsugæslustöð og innréttinga í kjallara fyrir sjúkrahjálfun, iðjuþjálfun, fundaherbergi, geymslur, snyrtingar og búningsherbergi.



Innréttingar 1. hæðar HSu í framkvæmd.

Framkvæmdirnar ná til innréttinga 1.440 fermetra húsrýmis Verktakinn, JÁ verktakar ehf., hóf framkvæmdir í mars 2009. Um áramót voru þær komnar vel á veg og er áætlað að þeim ljúki vorið 2010.



Lóð Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja frágengin.

Landspítalinn við Hringbraut, stækkun gjörgæslunnar

Unnið var að framkvæmdum við viðbyggingu við aðalbyggingu Landspítalans sem hýsir stækkun gjörgæslunnar. Er stækkunin tveggja hæða, um 234 fermetrar. Lauk framkvæmdum vorið 2009.

Verkkaupi var Landspítali - háskólasjúkrahús fyrir hönd heilbrigðisráðuneytisins. FSR hafði umsjón með verkinu. Arkitektar voru THG arkitektar (Teiknistofa Halldórs Guðmundssonar), hönnun burðarþols annaðist Verkís ehf., lagnahönnun vann Mannvit hf. og raflagnahönnun VJI ehf. (Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar ehf.) Verktaki er K16 ehf.



Landspítalinn, stækkun gjörgæslunnar

Landspítali - háskólasjúkrahús

Undirbúningur vegna nýs háskólasjúkrahús, sem er umfangsmikið byggingarverkefni á íslenskan mælikvarða, hefur verið á stigi frumathugunar. Vann FSR meðal annars umsögn um frumathugun og stefnt var að hönnunarsamkeppni. Eftir efnahagshrunið tóku stjórnvöld þá stefnu að framkvæmdir við nýbyggingar háskólasjúkrahúsins yrðu ekki greiddar af ríkinu en boðnar út sem einkaframkvæmd, fjármögnuð af lífeyrissjóðunum. Ljóst var að endurskoða þyrfti verkefnið. Norskir sérfræðingar sem fengnir voru til verkefnisins skiluðu álit í apríl 2009. Síðla árs 2009 tók til starfa ný stjórn um verkefnið sem ákvað í árslok að efna til forvals vegna hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun nýbygginga við Hringbraut. Varðandi fjármögnun framkvæmdanna er óvissa en miðað er við aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármöguninni.

Víðihlið í Grindavík, þakendurbætur

Unnið var að umsón og eftirliti vegna endurnýjunar á þakklæðningu við Víðihlið, húsi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í Grindavík, fyrir Fasteignir ríkisins og Grindavíkurbæ. Verkið var auglýst og tilboð opnuð í mars. Verkið vann Grindin ehf. Skipt var um þakklæðningu og svalahandrið.

Leiguverkefni

Á árinu 2009 var gerður húsaleigusamningur um geymsluhúsnæði að Vatnagörðum 10, Reykjavík. Húsnæðið var afhent í febrúar 2009 og tekið í notkun.

Hjálpartækjamiðstöðin, leiguhúsnæði

Unnið var að húsnæðisöflun fyrir Hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands. Hjálpartækjamiðstöðin annast afgreiðslu umsókna, veitir ráðgjöf um kaup á hjálpartækjum, notkun þeirra og annast viðgerðarþjónustu.

Vegna öflunar húsnæðis var unnin húslýsing og í apríl 2009 auglýsti FSR í eftir húsnæði sem uppfyllti húslýsingu. Var leiguhúsnæðið við Vínlandsleið 12 metið hagstæðast og var samið við Mótás ehf. um leigu á því. Húsnæðið er á þremur hæðum og er 2.834 fermetrar að stærð. Leigusalinn vinnur að því að innrétta húsnæðið að þörfum starfseminnar og flytur Hjálpartækjamiðstöðin í húsið á árinu 2010.



Vínlandsleið 12, Reykjavík.

Lyfjastofnun, leiguhúsnæði

Lyfjastofnun, sem hefur verið til húsa að Eiðistorgi 13-15, hafði þörf á stærra húsnæði á öðrum stað. Gerð var húslýsing í samráði við stofnunina, heilbrigðisráðuneytið og fjármálaráðuneytið. Stefnt er að því að ljúka húsnæðisöfluninni árið 2010.

Skilamöt

Útgefin skilamöt á árinu 2009, vegna heilbrigðisráðuneytisins og stofnana þess, voru eftirfarandi:

- Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað, viðbygging og endurbætur. Skilamat útgefið í apríl 2009.
- Heilsugæslustöð Akureyri, endurbætur 4. og 6. hæð. Skilamat útgefið í október 2009.
- Heilsugæslustöð á Akureyri, 3. hæð, breytingar. Skilamat útgefið í október 2009.

Iðnaðarráðuneyti

Á árinu 2009 voru helstu verkefni fyrir iðnaðarráðuneytið og stofnanir þess eftirfarandi.

Ferðamálastofa, leiguhúsnæði

Parfaggreining og húsrýmisáætlun, sem unnin var hjá FSR í samvinnu við Ferðamálastofu, lauk í janúar 2009 og í framhaldi af gerð húslýsingar var auglýst eftir húsnæði.



Ferðamálastofa að Geirsgötu 8, Reykjavík.

Gerður var leigusamningur milli Kaldadals ehf. og Ferðamálastofu, staðfestur af iðnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Leiguhúsnæðið er að Geirsgötu 8, Reykjavík, á 3. hæð hússins, 290 fermetrar ásamt 40 fermetra sameign. ASK Arkitektar sáu um hönnun vegna breytinga fyrir leigusala. Ferðamálastofa tók við húsnæðinu í ágúst 2009.

Í biðstöðu:

- Nýsköpunarmiðstöð Íslands, leiguhúsnæði

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Helstu verkefni ársins 2009 fyrir menntamálaráðuneytið og stofnanir þess, það er háskóla, framhaldsskóla og lista- og menningarstofnanir, voru eftirfarandi.

Tilraunastofa Háskóla Íslands á Keldum, öryggisrannsóknarstofa

Unnið var áfram að framkvæmdum við öryggisrannsóknarstofu HÍ að Keldum og lauk þeim um það bil í árslok 2009. Rannsóknarstöðin uppfyllir háar alþjóðlegar kröfur til öryggisrannsóknarstöðva, er svokölluð BSL-3 stöð (Biosafety Level 3). Byggingin er 312 fermetrar að grunnfleti, dauðhreinshúsið er í kjallara, loftræstibúnaður í þakrymi og fullkomin rannsóknarstöð er á aðalhæðinni, byggð inn í stálgrindarhúsið. Allar hurðir eru aðgangsstýrðar þannig að öryggi starfsmanna sé tryggt meðan unnið er við krufningar eða veirurannsóknir.

Framkvæmdum var að mestu lokið í júní en verklok töfðust þó fram yfir árslok 2009.

Verkkaupi er menntamálaráðuneytið. Arkitekt er Arkþing, burðarþóshönnuður er VEB (Verkfræðistofa Erlends Birgissonar), Lagnatækni ehf. annaðist hönnun lagna og Verkís ehf. hönnun raflagna. Verktakinn Sveinbjörn Sigurðsson ehf. sá um uppsetningu stálgrindarhúss, að öðru leyti var aðalverktaki Afllak ehf.



Sérhæfðar lagnir í öryggisrannsóknarstöðinni.

Fjölbrautaskólinn í Ármúla, viðbygging

Framkvæmdir við nýja viðbyggingu við Fjölbrautaskólann í Ármúla, um 4.100 fermetra að stærð, voru hafnar á fyrra ári. Um er að ræða fjölnotasal sunnan við eldri hluta skólans, kennsluálmum sem gengur til vesturs og stjórnunarálmum sem liggur til suðurs. Utboðsverkið nær til fyrrnefndra hluta og miðast við að salurinn og kennsluálmur verði tekin í notkun á haustönn 2010 en skrifstofuálmur á haustönn 2011.



Viðbyggingar FÁ í byggingu.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Í framhaldi af gerð frumathugunar kom FSR að samkeppni um hönnun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ í samstarfi við ráðuneytið og sveitarfélagið. Samkeppni um Framhaldsskólann í Mosfellsbæ var boðin út í nóvember 2009. Nýja byggingin verður í miðbæ Mosfellsbæjar, við Háholt. Fyrsti áfangi mun rúma fjögur- til fimmhundrað nemendur. Við hönnun hússins verður lögð áhersla á sveigjanleika og möguleika til nýbreytni. Húsrýmisáætlun gerir ráð fyrir kennslurými, stjórnunarrými og öðru rými og er miðað við að húsrými verði samtals 2.800 fermetrar nettó eða 4.000 fermetrar brúttó. Skilafrestur í samkeppninni er í mars 2010.




Staðsetning framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

Hús íslenskra fræða

Unnið var að áfram að undirbúningi vegna Húss íslenskra fræða. Byggingin mun hýsa Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og íslenskuskor Háskóla Íslands. Verkkaupi er mennta- og menningarmálaráðuneytið. Umsjón með verkefninu hefur Framkvæmdasýsla ríkisins.

Hönnun byggingarinnar er unnin af teymi vinningshafa hönnunarsamkeppinnar, Hornsteina arkitekta ehf. og Almennu verkfræðistofunna hf. ásamt samstarfsráðgjöfum. Hönnunarsamningur var gerður í janúar 2009.

Hönnunin er leiðsöguverkefni sem inniheldur áhugaverðar nýjungar í aðferðafræði hönnunar. Byggt er á Menningarstefnu í mannvirkjagerð sem hvetur til vandaðrar íslenskrar byggingarlistar og á stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun með áherslu á vistvæna hönnun. Stigið er það skref að vinna að BREEAM vottun þar sem er meðal annars metið er visthæfi byggingarefna og gerð greining á orkunotkun og vistþægindum. Ennfremur er innleidd BIM hugmyndafræði þar sem unnið er í þrívítt hönnunarlíkan, tekin er upp samræmd notkun aðila verkefnisins á verkefnavef og „bips“ skilmálar.



Hús íslenskra fræða, tölvuteikning.

Háskóli Íslands, VR-I, endurbætur

FSR kom áfram að undirbúningi vegna innréttinga og endurbóta á húsi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, VR-I. Starfsemi háskólans var árið 2008 skipt í svið og á þessu sviði eru meðal annars deildir verkfræði og raunvísinda sem hafa notað bygginguna.

Gagngerð endurnýjun var gerð innanhúss á rannsóknarstofum og salernum og endurnýjað var gler á allri byggingunni. Stefnt er að útboði verksins í byrjun árs 2010.

Verkkaupi er Háskóli Íslands. Umsjón með fasteigninni hefur Bygginga- og tæknideild Háskóla Íslands. FSR hefur umsjón með framkvæmdunum. Arkitekt er Arkþing ehf., hönnun lagna og raflagna vann Mannvít ehf.



VR-1, hús Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.



Uppsetning lofta í sal HA.

Háskólinn á Akureyri, kennslu- og fyrirlestrarými

Framkvæmdir við 4. áfanga Háskólans á Akureyri hófust á árinu 2008 og á árinu 2009 lauk uppsteypu og stóðu áfram yfir framkvæmdir við frágang utanhúss og innanhúss. Áætlað er að framkvæmdum ljúki haustið 2010.



Kennslu- og fyrirlestrarými HA í byggingu.

Þjóðskjalasafn Íslands, endurbætur

Unnið var að endurbótum á 1. hæð í húsi 4 hjá Þjóðskjalasafni Íslands við Laugaveg 162. Þessi hluti hafði ekki áður verið endurnýjaður að neinu marki en í þessari lotu er hæðin öll endurbætt og innréttað fyrir skjalageymslur.

Leiguverkefni

Auk umsjónar við fyrrgreind verkefni var unnið að ráðgjöf vegna eftirfarandi leiguverkefna fyrir stofnanir ráðuneytisins.

Kvikmyndamiðstöð, leiguhúsnæði

Vegna fyrirhugaðs leiguhúsnæðis fyrir Kvikmyndastöð Íslands var 2009 lokið við húslýsingu og auglýst eftir skrifstofuhúsnæði í september 2009. Er miðað við húsnæði um 260 fermetra að stærð með staðsetningu á höfuðborgarsvæðinu vestan Kringlumýrarbrautar. Unnið er áfram að málinu á árinu 2010.



Víkurhvarf 3, Kópavogi.

Námshúsnæði, leiguhúsnæði

Eins og gert var ráð fyrir í samningi sem gerður var 2008 var húsnæði fyrir Námsgagnastofnun afhent á árinu 2009. Fluttist stofnunin úr Brautarholti 6 í nýtt leiguhúsnæði að Víkurhvarfi 3 í Kópavogi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Ráðuneyti með heitinu samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti varð til með breytingu á Stjórnarráðinu 1. október 2009.

Vegagerðin, húsnæðisöflun

Unnið var að öflun leiguhúsnæðis fyrir Vegagerðina á árunum 2007 og 2008 en verkefnið hefur síðan verið í biðstöðu.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Verkefni vegna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og stofnana þess voru eftirfarandi.

Matís, leiguhúsnæði

Unnin hafði verið þarfagreining og húsrýmisáætlun vegna húsnæðisöflunar fyrir Matís ohf. (Matvælarannsóknir Íslands). Endanleg útgáfa húslýsingar lá fyrir í mars 2009 og var þá auglýst eftir skrifstofu- og rannsóknarhúsnæði fyrir starfsemi Matís á höfuðborgarsvæðinu.

Fresti til að skila inn leiguverðum lauk 30. mars 2009 og bárust 10 verðtilboð. Var húsnæðið við Vínlandsleið 12 metið hagstæðast og samið um leigu á því. Húsið var afhent í desember 2009 og eftir það hófst innréttingarvinna. Leigusalinn Mótás hf., sem byggði húsið, annast framkvæmd við innréttingar. ASK arkitektar ehf. önnuðust hönnun hússins fyrir leigusala.

Á árinu 2010 verður unnið að því að innrétta húsnæðið að þörfum Matís.



Leiguhúsnæði Matís við Vínlandsleið 12.

Umhverfisráðuneyti

Helstu verkefni í tengslum við umhverfisráðuneytið og stofnanir þess voru eftirfarandi:

Snjóflóðavarnir í Ólafsvík

Framkvæmdum við snjóflóðavarnir (ofanflóðavarnir) í Ólafsvík lauk að stærstum hluta á árinu 2008, þar með talið uppsetningu stoðvirkja og jarðvinnu, sem náði meðal annars til frágangs á grjótlögn í fláum lækjarins.

Flóð olli nokkrum skemmdum og voru gerðar lagfæringar, bætt við varnargarði og fleira.

Unninn var undirbúningur vegna uppgræðslu og endurbóta í Gili. Lauk framkvæmdum að langmestu leyti á árinu 2009 en vinna vegna uppgræðslu nær til næsta árs.

Verkkaupar voru Snæfellsbær og Ofanflóðasjóður. Umsjón hafði Framkvæmdasýsla ríkisins. Verktaki við jarðvinnu var Norðurtak ehf.



Snjóflóðavarnir í Ólafsvík, Snæfellsbæ.



Snjóflóðavarnir í Ólafsvík, Snæfellsbæ.



Snjóflóðavarnir í Ólafsvík, Snæfellsbæ.

Snjóflóðavarnir í Bíldudal

Unnið var áfram að framkvæmdum við Snjóflóðavarnir í Bíldudal, Vesturbyggð, sem hófust sumarið 2008. Ráðgert var að ljúka þeim að mestu árið 2009 og gekk áætlun eftir með litlum tófum. Hlaðinn var 300 metra langur leiðigarður og fyllt í hann, grafin renna og færður til lækur og lagður vegarslóði. Unnin var landmótun og yfirborðsfrágangur, einnig að sáningu en lokið verður síðar við verkþætti vegna gróðursins.

Verkkaupar eru Vesturbyggð og Ofanflóðasjóður. Umsjón hafði Framkvæmdasýsla ríkisins. Frumathugun vann Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. samstarfsaðilar Pétur Jónsson Landark, og Peter Sampl AVL. Verkhönnun annaðist Verkfræðistofa Norðurlands. Verktaki er KNH ehf.




Varnargarður snjóflóðavarna í Bíldudal

Snjóflóðavarnir í Neskaupstað, varnargarður í Tröllagili

Unnið var áfram að hönnun varnargarðs snjóflóðavarna í Tröllagili í Neskaupstað, í Fjarðarbyggð, þar sem miðað er við að reist verði varnaviki af svipuðu tagi og í Drangagili, það er varnargörðum og keilum svo og stoðvirkjum.

Verkkaupi er Fjarðarbyggð og Ofanflóðasjóður. Frumhönnun varnargarða og stoðvirkja annaðist Verkís ehf. Verkhönnuðir eru Efla ehf. verkfræðistofa og Landmótun ehf.



Yfirlit snjóflóðavarna í Tröllagili, Neskaupstað..

Snjóflóðavarnir í Neskaupstað, uppsetning stoðvirkja í Tröllagili

Uppsetning stoðvirkja á Tröllagiljasvæði í Neskaupstað var boðin út og tilboð opnuð í júlí 2009. Um var að ræða uppsetningu á stálgrindum til snjóflóðavarna á upptaksvæðum snjóflóða ofan byggðarinnar.

Áður fór fram útboð á efni og smíði stálgrindanna og annast það Wilfried Mair GbmH, Austurríki, og fer afhending efnis fram eftir framvindu verks.

Stálgrindurnar sem verða uppsettar verða alls um 1900 metra langar og 3,5 til 4,5 metra háar. Verktaki við uppsetningu stoðvirkja er Köfunarþjónustan ehf. Verkið hófst haustið 2009 og er áætlað að því ljúki í september 2012.

Snjóflóðavarnir í Neskaupstað, endurnýjun stofnlagna við varnargarða

Vegna snjóflóðavarna í Neskaupstað var unnið að endurnýjun hluta stofnlagna vatnsveitu í Neskaupstað vegna varnargarða. Lokið var við hönnun og boðnar út framkvæmdir við jarðvinnu og lagningu á 1,6 kílómetra neysluvatnsstofnlögn ásamt tengingum við dreifikerfi og malbiksviðgerðum. Hófst verkið í byrjun júlí og var lokið að mestu haustið 2009.

Verkkaupar voru Fjarðarbyggð og Ofanflóðasjóður. Umsjón hafði Framkvæmdasýsla ríkisins.

Snjóflóðavarnir í Bolungarvík

Framkvæmdir við þvergarð og keilur snjóflóðavarna í Bolungarvík voru boðnar út vorið 2008. Verkið felst í að gera 710 metra langan varnargarð og átta keilur fyrir ofan byggðina í Bolungarvík. Sú hlið garðsins og keilnanna sem snýr móti fjalli er byggð upp með netgrindum og styrktum jarðvegi. Í verkinu er innifalið rif mannvirkja, gerð vinnuvega, göngustíga svo og dremskurða. Í árslok 2009 voru framkvæmdirnar langt komnar og er stefnt að því að verkinu ljúki í október 2010.

Verkkaupar eru Bolungarvíkurkaupstaður og Ofanflóðasjóður. Umsjón með framkvæmdunum hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Verktaki er Ósafn ehf.



Framkvæmdir við varnargarð í Bolungarvík.

Snjóflóðavarnir Hornbrekku í Ólafsfirði

Lokið var við hönnun og boðnar út framkvæmdir við snjóflóðavarnargarð við Hornbrekku í Ólafsfirði. Framkvæmdin felst í gerð varnargarðs ofan við Hornbrekku, heimili aldraðra í Ólafsfirði, og er varnargarðurinn um 320 metrar að lengd og um 13 metrar á hæð þar sem hann er hæstur. Heildarefnismagn í garðinum er um 150 þúsund rúmmetrar. Tilboð voru opnuð í júní og tekið var tilboði verktakans G.V. Gröfur ehf. í júlí 2009. Áætluð verklok eru í júlí 2010.



Snjóflóðavarnir í Ólafsfirði í framkvæmd.

Ofanflóðavarnir í Eyjafjarðarsveit, Grænahlíð

Lokið var að mestu við framkvæmdir við snjóflóðavarnargarða ofan íbúðarhúsa í Grænuhlíð í Eyjafirði. Verkefnið fólst í gerð tveggja leiðigarða, um þriggja metra hárra.



Varnargarður í Eyjafjarðarsveit.

Snjóflóðavarnir á Siglufirði

Framkvæmdum við Snjóflóðavarnir á Siglufirði lauk að fullu á árinu. Ýmsum frágangi umhverfis og uppgræðslu var ólokið. Lauk þeim á árinu og var haldin vígsla vegna garðanna í heild í júlí 2009.



Frá vígslu varnargarða á Siglufirði.

Snjóflóðavarnir á Ísafirði, í Gleiðarhjalla

Í frumathugun voru snjóflóðavarnir á Ísafirði, í Gleiðarhjalla. Í desember 2009 lágu fyrir drög að deiliskipulagi sem sýna 650 metra aurvarnargarð ofan Hjallavegar og Urðarveggar á Ísafirði, unnin af Teiknistofunni Eik ehf. landslagsarkitektum á Ísafirði og Verkís ehf.

Snjóflóðavarnir í Ísafjarðarbæ, ofan Holtahverfis

Undirbúningi vegna snjóflóðavarna í Ísafjarðarbæ ofan Holtahverfis var haldið áfram. Frumathugun var áður lokið og var verðkönnun gerð um hönnunina í apríl og lá fullnaðarhönnun fyrir í nóvember 2009.

Verkefnið felst í að byggja 260 metra langan og 12 til 18 metra háan þvergarð undir Kubba, skammt ofan við hús við Stórholt. Garðinn skal byggja úr jarðefnum sem eru fengin innan framkvæmdasvæðisins, bæði lausum efnum og efni úr bergskeringum. Flóðmegin verður garðurinn byggður upp með netgrindum og styrktum jarðvegi. Í verkinu felst einnig mótun lands, gerð vega og göngustíga og frágangur yfirborðs.



Loftmynd/ teikning varnargarðs í Holtahverfi.

Í frumathugun voru eftirfarandi verkefni snjóflóðavarna:

- Ofanflóðavarnir á Eskifirði
- Snjóflóðavarnir á Patreksfirði, Geirargili

Gestastofa á Skriðuklaustri

Í framhaldi af hönnunarsamkeppni var samið við hönnuði vinningstillögu um hönnun Gestastofunnar á Skriðuklaustri. Áhugaverður þáttur er hvernig fylgt er markmiðum um góðan árangur í BREEAM vottun vistvænnar byggingar. Við hönnun hússins er lögð áhersla á lausnir sem styðja við heilbrigði og vellíðan, sparnað á vatni og orku sem felur meðal annars í sér aukna einangrun, vistvæn byggingarefni og vistvænar úrgangslausnir.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð í apríl. Framkvæmdir hófust í júní og var húsið að miklu leyti uppsteypt í árslok 2009. Byggingin verður með steiptan kjallara, útveggir steinsteyptir, að utan að hluta með sjónsteypuáferð og að hluta klæddir lerkí. Hærri hluti byggingarinnar er timburbygging með koparklæðningu á veggjum og þaki. Þakið verður að hluta létt þak en að hluta steipt þak með torfi. Útigeymsla með torfklæddu þak verður 18 metra frá aðalbyggingunni. Byggingarnar verða samtals um 755 fermetrar að stærð.




Gestastofa á Skriðuklaustri í byggingu.

Verkkaupi gestastofunnar er Vatnajökulsþjóðgarður fyrir hönd umhverfisráðuneytisins. Umsjón hefur FSR. Arkitekt er Arkís ehf., Efla ehf. annaðist burðarþol, lagnir og vistvæna hönnun, Verkís ehf. hannaði raflagnir og Landmótun ehf. lóðarfrágang. Verktaki er Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.

Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi

Unnið var áfram að hönnun Þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi, lokið er gerð aðalteikninga og unnið að fullnaðarhönnun. Byggingin mun hýsa þjónustumiðstöð Snæfellsjökulþjóðgarðs, um 680 fermetrar að stærð. Þar verður sýningar- og kennsluástaða, aðstaða fyrir starfsmenn, það er skrifstofur, aðstaða þjóðgarðsvarða og geymslur. Eins og við gestastofu á Skriðuklaustri er áhersla á vistvæna hugmyndafræði og miðað við að góður árangur verði í BREEAM vottun. Fyrirhugað er að bjóða verkið út á árinu 2010.

Verkkaupi er Umhverfisstofnun fyrir hönd umhverfisráðuneytisins. Umsjón hefur FSR. Ráðgjafar eru Arkís ehf., arkitektar, Efla ehf. sem annast burðarþols- og lagna-hönnun og Verkís ehf. hönnun raflagna.



Afstöðumynd þjóðgarðsmiðstöðvar Hellissandi.

Landvarðarhús í Blágiljum

Lokið var undirbúningi og hafnar framkvæmdir við landvarðarhús í Blágiljum á Lakasvæðinu. Verkefnið er hluti af uppbyggingu á gestastofum og landvarðarhúsum í Vatnajökulsþjóðgarði. Arkís ehf. hannaði húsið. Samið var við RR Tréverk ehf. á Kirkjubæjarklaustri um uppsetningu hússins og lokafrágang sem lýkur til fulls á árinu 2010.



Framkvæmdir í Blágiljum í nóvember 2009.

Surtseyjarstofa, leiguhúsnæði

Fyrir Umhverfisstofu var unnin að húslýsingu vegna fyrirhugaðs leiguhúsnæðis fyrir Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum. Surtsey er friðlýst og hefur mikla sérstöðu, er landnám lífvera og framvinda lífríkis þar vaktað og er umgangur almennings ekki leyfður. Sýning um Surtsey, sem áður var í Þjóðmenningarhúsi, verður sett þar upp í Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum og þar verður gestastofa fyrir þá sem vilja fræðast um Surtsey. Unnið verður áfram að húsnæðisöfluninni árið 2010.



Surtsey.

Náttúrufræðistofnun, leiguhúsnæði

Vegna Náttúrufræðistofnunar Íslands var unnið á vegum leigusala, Urriðaholts ehf., að því að fullbúa umsamið húsnæði við Urriðaholt 6-8 í Garðabæ. Um er að ræða 3.500 fermetra skrifstofuhúsnæði á fjórum hæðum og í kjallara.

Eftir biðstöðu var unnið áfram að leigumáli Náttúrufræðistofnunar á síðari hluta ársins 2009 og er stefnt að því að ljúka framkvæmdum í október 2010.

Skilamöt

Útgefið skilamat á árinu 2009, vegna umhverfisráðuneytisins var eftirfarandi:

- Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði, á Brún. Skilamat útgefið í maí 2009.

Utanríkisráðuneyti

EXPO 2010, heimssýning í Kína

Unnið var að undirbúningi vegna heimssýningar í Shanghai í Kína árið 2010 fyrir utanríkisráðuneytið. Auglýst var eftir hönnuðum og hugmyndum að útfærslu skálans og var þeim skilað í byrjun ársins 2009. Hönnun annast Plúsarkitektar, í forsvari er Páll Hjaltason arkitekt, og Sagafilm gerir sýningarmyndir. Útfærslan miðast við að á stálgrind utan á skálanum verði strengdur áprentaður strigi sem sýni myndir af jökulís og inni í skálanum munu myndvarpar varpa breytilegum myndum. Sumarið 2009 fór fram forval um verktaka. Samið var við kínverska verktakann China Jiangsu International Economic-Technical Cooperation Corporation um framkvæmdina. Skálinn, sem er leiguskáli, var afhentur í september og hófst þá vinna við að laga hann að hönnuninni. Áfram verður unnið að því að fullbúa skálann fram að opnun, í maí 2010.



Teikning Plusarkitekta af sýningarskálanum.

Skilamat

Útgefið skilamat á árinu 2009, vegna utanríkisráðuneytisins var eftirfarandi:

- Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn, skilamat útgefið í október 2009.

Alþingi

Helstu verkefni fyrir Alþingi á árinu 2009 tengjast undirbúningi uppbyggingar á Alþingisreit. Undirbúningur þess er að mestu á stigi frumathugunar utan þess að unnið var að fornleifagreftri á fyrirhuguðu byggingarsvæði.

Alþingi, fornleifagröftur á Alþingisreit

Vegna byggingarframkvæmda, sem fyrirhugaðar hafa verið á Alþingisreitnum, voru framkvæmdir við fornleifagröft boðnar út og hafnar á árinu 2008. Ná þær til fornleifagraftar á vestanverðum reitnum, á um 2.000 fermetra svæði, og til rannsókna fornleifa.

Við fornleifagröftinn fannst stór kolagröf frá upphafi landnámsaldar og járnbræðsluofn, einnig fleiri gripir sem tengjast kolagerð og vinnslu mýrrauða. Varpa þeir nýju ljósi á atvinnuhætti á miðöldum. Á árinu 2010 verður enn unnið að fornleifareftrinum og rannsóknum og lögð fram lokaskýrsla.

Umsjón verkefnisins fyrir Alþingi hefur FSR. Verktaki er Ljósleiðir ehf. og hjá verktaka hefur umsjón með uppgreftinum Vala Garðarsdóttir fornleifafraeðingur.



Fornleifagröftur á suðvesturhorni Alþingisreits.

Alþingi, framkvæmdir 2008-2012

Að fyrirhugaðri uppbyggingu á Alþingisreit hefur verið unnið samkvæmt áætluninni Alþingi, framkvæmdir 2008-2012. Í byrjun árs var lokið við frumathugun en framhald skipulagsins er í biðstöðu.

Endurbygging Kirkjustrætis 8 (Skjaldbreiðar)

Áður lá fyrir frumathugun vegna endurbyggingar Kirkjustrætis 8 (Skjaldbreiðar) og á árinu 2008 var unnið að áætlunargerð vegna þess áfanga. Framhald endurbyggingar hússins er í biðstöðu.

Flutningur Vonarstræti 12, kjallari og tengibygging

Unnið var að áætlunargerð vegna flutnings Vonarstrætis 12 á horn Kirkjustrætis og Tjarnargötu, það er byggingar nýs kjallara fyrir húsið svo og tengibyggingar.

Skilamöt

Útgefið skilamat á árinu 2009, vegna Alþingis var eftirfarandi:

- Alþingishúsið, framkvæmdir innan-húss. Skilamat útgefið í desember 2009.

Formlegt samstarf

Framkvæmdasýslan tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök svo og við erlendar stofnanir.

Innlent samstarf

Innlent samstarf FSR felst í þátttöku í samstarfi og samráði við ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmis hagsmunasamtök sem starfa á skyldum vettvangi. Er stofnunin aðili að samtökum svo sem BIM Ísland, Vistbyggingaráði, Steinsteypufélagi Íslands, Lagnafélagi Íslands og Verkefnastjórnunarfélagi Íslands.

BIM Ísland

Verulegt skref var tekið á árinu 2009 í átt að innleiðingu á upplýsingalíkönnum mannvirkja, BIM – Building Information Modeling, á Íslandi. Með stofnun BIM Íslands var hægt að vinna markvist að verkefninu. Eins og áður veitir FSR innleiðingu BIM á Íslandi stuðning með ýmsum hætti og er forstjóri FSR í stjórn verkefnisins.

Auglýst var eftir starfsmanni til að vinna með stjórn BIM á Íslandi og var Haraldur Ingvarsson arkitekt ráðinn. Hóf hann störf sem framkvæmdastjóri í mars 2009. Fékk hann aðstoðu hjá FSR fyrsta árið. Starfaði hann að því að kynna BIM aðferðafræðina og aðstoða aðila sem taka hana upp í rekstri sínum.

Á árinu 2009 voru ýmsir atburðir á vegum BIM Íslands. Þann 15. apríl voru haldnir BIM dagar hjá Bentley. Haldinn var fundur á vegum BIM Ísland undir heitinu Hvað getur BIM, á Höfðatorgi, 22. maí 2009, þar sem fjallað var um þá möguleika sem opnast við notkun á BIM aðferðafræðinni. Á vegum BIM Ísland var haldin fyrirlestraröð með þremur fyrirlestrum, sá fyrsti með heitinu Af hverju þarf ég BIM?, var haldinn 4. júní 2009, annar Hvernig nota ég BIM?, 11. júní 2009 og sá þriðji Hvað getur BIM?, haldinn 18. júní 2009. Voru þessar kynningar endurtekna í júní og fjölmargir fundir haldnir með aðilum svo sem teymum sem óskað höfðu eftir fundum með BIM Íslandi. Í september 2009 stóð BIM Ísland fyrir opnu húsi þar sem fylgst var með útsendingum á netinu frá Norskum byggingadögum um upplýsingalíkön mannvirkja. Opnaður var vefurinn www.bim.is.



Kynningarmynd vegna atburðar BIM Íslands.

Lagnafélag Íslands

Samstarf hefur verið við Lagnafélag Íslands. Í mars 2009 heimsóttu fulltrúar Lagnafélagsins verkefnisstjórafund FSR og fluttu erindi þeir Kristján Ottósson framkvæmdastjóri félagsins og Sveinn Áki Sverrisson verkfræðingur. Auk þess sem komið var inn á úttektir sem sýna að kerfi eru víða gölluð, kynntu þeir feril sem á að styðja við árangursríka virkni lagnakerfa.

Steinsteypufélags Íslands

Samstarf hefur verið við Steinsteypufélag Íslands og er yfirleitt aðili frá FSR á kynningarfundum þess. Ýmsir áhugaverðir atburðir eru hjá félaginu. Steinsteypudagur 2009 var haldinn 27. febrúar 2009, þar var meðal fyrirlesara Óskar Valdimarsson sem kynnti BIM aðferðafræðina. Opnaður hefur verið vefur Steinsteypunefndar þar sem er að finna rannsóknir nefndarinnar allar götur frá því fyrir um 40 árum.

Verkefnastjórnunarfélag Íslands / IPMA

Þátttaka FSR í ráðstefnum Verkefnastjórnunarfélags Íslands (VSF) var nokkur og voru helstu atburðir þessir.

- Alþjóðleg ráðstefna IPMA, alþjóðlegs sambands verkefnastjórnunarfélaga, haldin í Finnlandi dagana 15. - 17. júní 2009 undir heitinu Refresh. Árleg Nordnet ráðstefna var sameinuð IPMA ráðstefnunni.
- Verkefnastjórnun á tímum breytinga, ráðstefna VSF og MPM félagsins var haldin 24. september 2009 á Hótel Nordica..
- Verkefnastjórnun í þróunarverkefnum, fyrirtækjaheimsókn í Össur, Grjóthálsi 5, 3. desember 2009.

Tengiliður FSR við félagið var Karl Ásmundsson.

Menningarstefna í mannvirkjagerð

FSR kom á árinu 2009 áfram að samstarfi um menningarstefnu í mannvirkjagerð með þátttöku í útfærslu hennar. Á árinu 2008 og 2009 hefur verið unnið að því í starfshóp að útfæra tillögurnar í menningarstefnunni og fylgja þeim eftir. Í starfshópnum eru Guðný Helgadóttir, formaður, tilnefnd af menntamálaráðuneyti, Bergþóra Bergsdóttir, tilnefnd af fjármálaráðuneyti, Hafsteinn Pálsson, tilnefndur af umhverfisráðuneyti, Magnús K. Sigurjónsson, tilnefndur af Framkvæmdasýslu ríkisins og Sigríður Sigþórsdóttir, tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands.

Starfshópurinn boðaði ýmsa aðila, sem talið er að varði verkefnið, til fundar þann 19. febrúar 2009 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Guðný Helgadóttir formaður starfshópsins fór þar yfir meginmarkmið menningarstefnu og ræddi tillögur starfshópsins um útfærslu og eftirfylgni hennar með verkefnum og aðgerðum. Rit með tillögunum hafði áður verið sent aðilum og einnig mátti nálgast það á fundinum sem og á vef FSR.

Í hönnun Húss íslenskra fræða, þar sem verkkaupinn er mennta- og menningarmálaráðuneytið, og umsjón á vegum FSR, er litið á það sem mikilvægt reynsluverkefni í þessu tilliti. Í erindi Hornsteina arkitekta á fundinum var skýrt frá því hvernig menningarstefnunni er fylgt gaumgæfilega eftir í hönnuninni. Þar eru viðhöfð aðferðafræði BIM og vistvænnar hönnunar sem veita stuðning við að ná fram markmiðum menningarstefnunnar.

Starfshópurinn taldi æskilegt að fá fram vísbendingar, frá hinum ýmsu aðilum sem málið varðar hvaða aðgerðir, 3-5 aðgerðir, þeir telji að ættu að vera í forgangi á næstu misserum. Var leitað eftir álitum þeirra. Stefnt er að því að fá sérstaklega fram hvort unnt sé að koma að markmiðum stefnunnar í stórum hönnunarverkefnum, svo sem við nýbyggingar Landspítala og Tónlistar- og ráðstefnuhús, og í viðhaldsverkefnum hjá Fasteignum ríkissjóðs.

Þróunarvettvangur mannvirkjagerðar

Á árinu 2007 var stofnað til samstarfs aðila, það er Þróunarvettvangs á sviði mannvirkjagerðar (Iceland Construction Technology Platform, ICTP). Óskar Valdimarsson situr í stjórn fyrir FSR.

Vistvæn bygging

Umræða um sjálfbæra þróun í mannvirkjagerð hefur færst í aukana og stofnaður var undirbúningshópur sem vann að því að koma á fót formlegum vettvangi um málefnið til að leiða umræðuna um umhverfismál og sjálfbæra þróun í mannvirkjagerð.

Framkvæmdasýsla ríkisins tók virkan þátt í þessum undirbúningi. Á árinu 2009 var notað heitið Vistvæn byggð um það starf. Horft er til þess að víða um heim starfa formleg félög, sem eru óháðar stofnanir og þekkingarsetur, til að miðla upplýsingum, veita aðstoð og stuðla að rannsóknum á sviði vistvænnar hönnunar.



Mynd vegna fundar um vistvæna byggingu.

Þáttur í undirbúningsstarfinu var fundurinn Vistvænnar byggingar á Íslandi - umræðufundur um næstu skref, sem haldinn var 5. maí 2009. Rætt var um fyrirhugaða stofnun samtaka og vottunarkerfi um vistvænnar byggingar.

Erlent samstarf

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar, NKS, er samstarfsvettvangur FSR við systurstofnanirnar á Norðurlöndum.

Fundur NKS menningarsamstarfs var haldinn í Kaupmannahöfn 4.-5. maí 2009. Þemað var meðal annars viðhald fasteigna hjá SES (Slots- og Ejendomsstyrelsen í Danmörku). Rætt var um mismunandi fjármögnun við viðhald merkra bygginga og samanburð á aðferðum Norðurlandanna við það. Þátttakandi fyrir FSR var Lena Kadmark.

Fundur NKS BIM var haldinn í Kronborg 12. maí 2009.

Ráðstefna NKS var haldin í Kronborgkastala í Elsinore í Danmörku 31. ágúst - 2. september 2009. Á fundinum var meðal annars rætt um orkunýtingu og minnkun umhverfisáhrifa, aðferðir til orkusparnaðar í skrifstofuhúsum og friðuðum byggingum. Einnig var rætt um viðhald bygginga með varðveislugildi. Að lokum var á dagskránni áhættustjórnun og BIM (Building Information Model). Þátttakendur frá FSR voru Óskar Valdimarsson, Bergljót S. Einarsdóttir, Lena Kadmark og Þórir Jónsson. Einnig sótti Haraldur Ingvarsson, frá BIM Ísland sem FSR er aðili að, ráðstefnuna.



Frá fundi NKS.

Fundur NKS menningarsamstarfs var haldinn í Helsinki í Finnlandi 12.-13. nóvember 2009. Á dagskránni var meðal annars hvað hefði áunnist á fundum menningarsamstarfs NKS. Einnig var rætt um skipulagsmál og um orkunýtingu. Þátttaka fyrir FSR á símafundi: Lena Kadmark.

Norrænt samstarf um byggingar utanríkisþjónustu

FSR tekur þátt, ásamt utanríkisráðuneytinu, í samstarfi við NKU (Nordisk kontakt om utrikesbyggeri) sem er vettvangur samstarfs Norðurlandanna um húsnæðismál fyrir utanríkisþjónustuna. Árlegur fundur NKU var í Berlín 9. – 11. september 2009. Þátttakendur frá FSR voru Bergljót S. Einarsdóttir og Óskar Valdimarsson.

Samstarf við bips

Bips (byggeri, informationsteknologi, produktivitet og samarbejde) er samstarfsvettvangur um byggingariðnað, upplýsingatækni og framleiðni og samstarf á byggingarsviði, sem FSR tekur þátt í. Bips leggur til skilmála og fleira sem veitir meðal annars stuðning við innleiðingu BIM.

Ráðstefnan bips Conference var haldin í Nyborg í Danmörku 7. – 8. september 2009. Þátttakendur frá FSR voru Óskar Valdimarsson og Bergljót S. Einarsdóttir,

Á fundi bips samstarfs í buildingSMART nefndinni 21. desember 2009 í Kaupmannahöfn var á dagskránni meðal annars farið yfir verkefnastöðuna við innleiðingu aðferðafræðinnar í alþjóðlegu samstarfi building SMART. Fyrir FSR tóku þátt Óskar Valdimarsson, Bergljót S. Einarsdóttir og Þórir Jónsson.

Norrænn byggingardagur

Meginverkefni NBD er að halda Norræna byggingardaginn sem haldinn hefur annað hvert ár. Ráðstefnan var haldin í Stokkhólmi árið 2007. Árið 2009 er reyndar ekki fyrirhugað að halda samnorrænan byggingardag en verður næst haldinn árið 2011 í Finnlandi. Tengiliður FSR við NBD er Magnús K. Sigurjónsson.

Ráðstefnur og fundir

Auk þátttöku í ráðstefnum og fundum sem lýst er í kaflanum Samstarf og þróun voru eftirfarandi ráðstefnur sóttar af starfsmönnum FSR.

Árlegt Útboðsþing um verklegar framkvæmdir var haldið daginn 12. febrúar 2009 á Grand Hótel, Reykjavík. Á þinginu var gefið yfirlit yfir helstu útboð opinberra aðila á verklegum framkvæmdum. Óskar Valdimarsson flutti erindi.

Námskeið Vinnueftirlitsins í gerð áhættumats í fyrirtækjum, undir heitinu Gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, var haldið 17. febrúar 2009. Margir starfsmenn FSR tóku þátt.

Rafræn útboðskerfi, kynning Ríkiskaupa haldin 20. febrúar 2009.

EcoProcura, alþjóðleg ráðstefna um vistvæn innkaup, dagana 26. - 27. mars 2009 í Reykjavík. Óskar Valdimarsson og Bergljót Einarsdóttir tóku þátt. Óskar flutti erindi.



Kynning á ráðstefnunni EcoProcura.


Ráðstefna Rafræni reikningar, ráðstefna 30. apríl 2009 á Grand Hotel.

Árangursvísar í mannvirkjagerð, ráðstefna haldin 8. júní 2009 á Grand Hotel.

Driving Sustainability '09 (Umferð og umhverfi), alþjóðleg ráðstefna um sjálfbærar orkulausnir í samgöngum 14. og 15. september 2009 í Reykjavík. Þátttakandi frá FSR var Lena Kadmark.

Umhverfisþing 9. - 10. október 2009 á Hotel Nordica.

Á vegum Skipulagsstofnunar var haldin ráðstefnan Að móta byggð, þann 30. apríl 2009. Bergljót S. Einarsdóttir sat ráðstefnuna fyrir hönd FSR.



Nordic Conference on Construction Economics and Organisation, ráðstefna haldin í Háskólanum í Reykjavík, 10. - 12. júní 2009.

Innra starf og þróun í tækni og þjónustu


Faghópar FSR 2009

Faghópar FSR störfuðu talsvert á árinu og einkum í þeim tilgangi að styðja við gæðastjórnun FSR með því að yfirfara verklagsreglur sem snúa að verksviði faghóps og gera tillögur varðandi þær.

Eins og fram kemur í skipuriti FSR eru faghópar til ráðgjafar forstjóra á hinum ýmsu sviðum og skipar forstjóri í faghópana. Skipan faghópa var uppfærð í desember 2009 og voru þá eftirfarandi faghópar: Frumathuganir, Áætlunargerð, Verkframkvæmdir, Rekstrarhandbók, Kynningar- og útgáfumál, Snjóflóðavarnir, BIM upplýsingalíkön mannvirkja, Kostnaðaráætlanir, Vinnuumhverfi, Vistvæn þróun og Þjónusta skrifstofu.

Innri vefur

Eins og áður hefur innri vefur FSR verið notaður til að veita aðgang að kerfum FSR sem mest eru notuð með því að safna flýtihnöppum á forsiðu hans. Viðburðir í starfinu innanhúss koma fram á Innri vef FSR, einnig atburðir starfsmannafélagsins og fleira.



Forsíða vefs FSR.


Vefur FSR

Vefur FSR er byggður í vefumsjónarkerfið LiSA, sem Eskill vann og þjónustaði. Færðist það til Skýrr því Eskill var eitt þeirra fyrirtækja sem sameinuðust á árinu 2009 undir nafni Skýrr hf. sem er í eigu Teymis hf.

Þróun vef FSR hefur tekið mið af því að bæta vefinn á grundvelli niðurstaða úttekta á opinberum vefjum. Forsætisráðuneytið stendur fyrir úttektunum, sem ná til vefja ríkisstofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga. Þar er áhersla á notendavæna þjónustu og er fjöldi atriða tekinn saman í fjórar viðmiðanir: Innihald, nytsemi, aðgengi og þjónustu. Vefur FSR hefur skorað hátt, einkum varðandi innihald, nytsemi og aðgengi. Á árinu 2009 var lögð áhersla á að bæta þjónustu og leitað sérfræðiráðgjafar vegna þess. Teknir voru inn í matið aðrir vefir hjá FSR sem tengjast vef FSR. Lagfæringar voru unnar af vefstjóra, svo sem að tilgreina markhópa á forsiðu og fleira. Í framhaldi af þessu er vænst góðrar niðurstöðu í úttektinni á árinu 2009. Umsjón með Innri vef FSR, eins og með ytri vef, hefur Magnús K. Sigurjónsson.

Skorkort

Skorkort er kerfi árangursmælinga sem FSR notar. Lögð eru fram markmið og mælikvarðar fyrir áramót og kappkostað að uppfylla þau í starfinu á viðkomandi ári. Höfð er gát á árangrinum að loknu starfári og eru niðurstöður birtar í árangurskýrslum. Anna Sigríður Guðnadóttir hefur umsjón með skorkortum.



Forsíða í Orra.

Bókhalds- og starfsmannakerfi

Í upphafi árs var tekin upp notkun bókhalds- og starfsmannakerfisins Orra (Oracle). Var það gert að tilmælum fjármálaráðuneytis og Fjárslu ríkisins. Kerfislutar Orra sem notaðir eru hjá FSR eru Fjárhagur, Viðskiptakröfur, Viðskiptaskuldir, Verkbókhald, Vinnustund og Launakerfi. Skýrr sér um uppsetningu Orra og þjónustu.

Innleiðing Orra reyndist örðugari en búist var við. Tók langan tíma að gera lagfæringar og lauk þeim ekki á árinu. Varðandi Vinnustund þykir kostur að þangað fer rafrænn innlestur af stimpilklukku sem nú er þjónað af tölvu sem ekki var á fyrria ári. Viðmót kerfisins telja starfsmenn að mætti vera betra.

Rekstur og starfsfólk

Rekstrarafkoma

Hagnaður varð af rekstri á árinu 2009 um 11,1 milljón króna með ríkisframlagi, sem lækkaði um helming frá því sem verið hefur óbreytt um árabíl 2,7 milljónir í 1,4 milljónir. Hagnaður án ríkisfamlags var því 9,7 milljónir.

Þarna kom til bæði töluverð lækkun á gjöldum stofnunarinnar, eins og boðað var í ríkisstofnunum en einnig tekjuaukning. Heildarlækkun gjalda nam um 9,3 milljónum. Mestu munar um lækkun í kaupum á sérfræðipjónustu, aðallega vegna tölvu- og kerfisfræðipjónustu, eða um 8,5 milljónir, og eignakaup sem minnkuðu um 4,5 milljónir.

Launakostnaður hækkaði um 9,6 milljónir en þar kemur á mótí að fjöldi ársverka var 22,3 á mótí 19,3 árið áður. Í raun er því um lækkun launakostnaðar á ársverk að ræða. Einhver hækkun er svo í flestum kostnaðarliðum sem skýrist nær alfarið af hærra verðlagi. Tekjuaukning frá því sem var á fyrra ári var um 2,9 milljónir.


Framlag á fjárlögum var eins og áður greinir lækkað um nærri helming frá því sem verið hefur um árabíl. Í árslok 2009 nam eigið fé Framkvæmdasýslunnar um 30,3 milljónum króna.

Verkbókhald FSR

Alfest eru verk sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með í bókhalds- og greiðslupjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til að stuðla að aukinni hagkvæmni í opinberum framkvæmdum. Það fyrirkomulag gerir verk-efnastjórum kleift að hafa til ávallt taks nýjstu upplýsingar um fjárhagsstöðu verka, sem auðveldar kostnaðargát á verkum. Undanþágur frá þessum lagaboðum hafa framkvæmdir sem ríki og sveitarfélög standa sameiginlega að. Jafnframt heimila lög fjármálaráðherra að skipa málum með öðrum hætti.

Starfsmannamál

Í árslok 2009 voru starfsmenn Framkvæmdasýslu ríkisins 22 talsins, í 21,6 stöðugildum. Eðli starfsemi stofnunarinnar gerir það að verkum að menntunarsstig starfsmanna er hátt, en aðeins um fjórðungur þeirra hefur ekki lokið háskólaprófi. Jafnréttissjónarmið eru jafnar í hávegum höfð og var hlutfall kvenna um áramót 41% og karlar því 59%. Ávallt er rík áhersla lögð á símenntun og eru framlög til hennar almennt vel nýtt.



Velta verkbókhalds árin 2000 - 2009 í milljónum króna.

Hreyfingar á starfsliði stofnunarinnar voru fremur litlar á árinu en aðeins einn starfsmaður hóf störf á árinu, Berglind Ýr Ólafsdóttir, móttökuritari og kom í stað Heiðísar Bjarkar Brandsdóttur. Lena Kadmark kom aftur úr fæðingarorlofi.



Í kaffisamsæti Starfsmannafélagsins Auðvitaðs.

Starfsmannafélagið Auðvitað var vel virkt að venju. Meðal atburða var útsýnisferð um miðborg Reykjavíkur í október, skoðaður Hólavallakirkjugarður og farið í Thorvaldsenskaffi í desember.



Gengið í Hólavallakirkjugarð og um Suðurgötu.



Á árshátíð 2009.

Árshátíð félagsins var haldin í Iðusölum í nóvember og tókst vel sem og litlujólin sem að venju voru haldin stuttu fyrir jól.

Reykjavík í janúar 2012.



Óskar Valdimarsson, forstjóri

Starfsmenn FSR í árslok 2009

Anna Braguina
Anna Sigríður Guðnadóttir
Berglind Ýr Ólafsdóttir
Bergljót S. Einarsdóttir
Björn Hallgrímsson
Guðbjartur Á. Ólafsson
Guðbjörg Bjarnadóttir
Guðmundur Pálsson
Guðrún V. Árnadóttir
Gunnar Sigurðsson
Helga Liv Óttarsdóttir

Jón Halldór Ásbjörnsson
Jón Heiðar Gestsson
Lena Kadmark
Magnús K. Sigurjónsson
Óskar Valdimarsson
Róbert Jónsson
Sigríður Oddný Marinósdóttir
Sigurður Hlöðversson
Sigurður M. Norðdahl
S. Hafsteinn Steinarsson
Þórir Jónsson

Ársreikningur 2009

Eins og fram kom í inngangi að þessari ársskýrslu skipti Framkvæmdasýslan á árinu úr Navision bókhaldskerfinu yfir í bókhaldskerfi ríkisins, sem ber nafnið Oracle – eða Orri í daglegu máli.

Þrátt fyrir vandaðan undirbúning í samvinnu við Skýrr og Fjárskýrslu ríkisins reyndist þessi innleiðing á Oracle til muna erfiðari en ráð hafði verið fyrir gert og hafa vandkvæði við afstemmingar milli kerfanna tveggja verið gríðarlega mikil.

Vegna framangreindra vandkvæða við afstemmingar hafði Ríkisendurskoðun ekki tók á að ljúka endurskoðun á bókhaldi Framkvæmdasýslunnar fyrir árin 2009 og 2010 fyrr en í ársbyrjun 2012 og í ljósi þessara miklu tafa tók Ríkisendurskoðun ákvörðun um að gefa ekki formlega út ársreikning fyrir Framkvæmdasýsluna fyrir árið 2009.

Í stað hefðbundins ársreiknings verða því hér einungis settar fram helstu tölur úr rekstri Framkvæmdasýslunnar á árinu 2009.

Heildartekjur stofnunarinnar á árinu 2009 voru 212,9 milljónir króna en auk þess kom til 1,4 milljóna króna framlag á fjárlögum. Heildargjöld ársins voru 203,5 milljónir króna, þannig að tekjuafgangur ársins 2009 varð 10,8 milljóna króna og nam eigið fé Framkvæmdasýslunnar því 30,0 milljónum króna í árslok.

Við afgreiðslu lokafjárlaga ársins 2009, sem framkvæmd var á árinu 2010, voru 15,8 milljónir króna af framangreindu eigin fé stofnunarinnar millifærðar yfir á reikning ríkissjóðs og þar með telst eigið fé FSR í ársbyrjun 2010 vera 14,2 milljónir króna.



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS